

Læknadagar í ljósi vonar um betri tíð

■ ■ ■ Hávar Sigurjónsson

Það er óhætt að segja að gleði hafi ríkt við setningu Læknadaga í ár. Nýgerðir kjarasamningar vekja von í brjóstum lækna um viðsnúning í heilbrigðiskerfinu, sögðu þeir báðir í ávörpum sínum, Gunnar Bjarni Ragnarsson formaður Fræðslustofnunar LÍ og Þorbjörn Jónsson formaður LÍ.

Við setningu Læknadaganna steig Sverrir Jakobsson sagnfræðingur á stökk og rakti í stórum dráttum áhrif hinna ýmsu lækna á mannkynssöguna, en yfirskrift tölu hans var „Læknar í leiðtoga-hlutverki“.

Sverrir gat þess reyndar í upphafi að hann hefði ekki gert sér grein fyrir að honum væri ætlað að vera aðalatriðið við setninguna en kvaðst þó myndu gera sitt besta til að skemmta viðstöddum. Hann rifjaði síðan upp að nafnþekktir faraóar Egypta voru sagðir lækni- og heilbrigðisfræðingur að þeirra tíma síð samkvæmt fornum heimildum en löngu síðar hefðu hugmyndir manna um lækningamátt konungborinna breyst í þá veru að konungdómi fylgdi sjálfkrafa lækningamáttur. Hefði verið nokkur samkeppni milli konunga í Evrópu á miðöldum um hver gæti læknað flesta og skipti þá mestu máli að velja sjúka sem líklegir voru til að ná heilsu hvort eð er. Sverrir rakti feril fleiri lækna sem sátu við



Ásgeir Haraldsson barnalæknir og Gunnar Bjarni Ragnarsson krabbameinslæknir og formaður Fræðslustofnunar LÍ.

stjórnvölinn um lengri eða skemmri tíma: Che Guevara á Kúbu, Banda í Malaví, Papa Doc (Francois Duvalier) á Haiti.

Sverrir sló botninn í erindi sitt með því að bregða upp mynd af borgarstjóranum í Reykjavík og norska forsætisráðherranum fyrrverandi, Degi B. Eggertssyni og Gro Harlem Brundtland, en þau eru bæði lækni- og heilbrigðisfræðingur og mun það hafa reynst þeim vel við stjórnmalapáttökuna. Niðurstaðan er kannski sú að læknum lætur betur að stjórna en láta að stjórn.

Dagskrá Læknadaganna var þéttskipuð og að sögn Margrétar Aðalsteinsdóttur framkvæmdastjóra Læknadaga sem umsjón hefur með skráningum gekk net-skráning vel og greinilegt að margir nýta sér veglegan afslátt sem fæst með skráningu á alla dagana fremur en borga fyrir einstaka daga. Læknadagarnir íslensku njóta alþjóðlegrar viðurkenningar sem símenntunarþing og hvetur það lækna eflaust enn frekar til þátttöku.



Jóhann Heiðar Jóhannsson meinafræðingur, Guðrún Hauksdóttir meinafræðingur, Þorbjörn Jónsson formaður LÍ og Birna Jónsdóttir röntgenlæknir og fyrrverandi formaður LÍ.



Sigrún Arnardóttir kvensjúkdómalæknir, Elísabet Arna Helgadóttir kvensjúkdómalæknir, Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.



Sverrir Jakobsson sagnfræðingur sagði frá læknum í leiðtogahlutverki. Á tjaldinu má sjá jafnaðarmennina Dag B. Eggertsson borgarstjóra í Reykjavík og Gro Harlem Brundtland fyrrverandi forsætisráðherra Noregs og framkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO.



Birgir Jakobsson landlæknir og Magnús Ólason endurhæfingarlæknir.



Fulltrúar Læknablaðsins, Sigdís Þóra Sigþórsdóttir auglýsingastjóri og Védís Skarphéðinsdóttir ritstjórnarfulltrúi.